

REGLUGERÐ

96

29. júlí

um breyting á reglugerð, um notkun vatns og vatnsskatt í kaupþúninu í Keflavík,
nr. 55 21. júní 1928.

1. gr.

Aftan við a. lið 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Þó skulu þeir, sem vatnsprær hafa og vatnsleiðslur úr vatnsbólum hreppsins ekki greiða meir en $1\frac{1}{2}\%$.

2. gr.

Þriðja grein reglugerðarinnar falli burtu og breytist greinatalan eftir því.

Aftan við 8. gr. reglugerðarinnar, sem verður 7. gr., bætist: Hann er og tryggður með lögveði í eigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. ágúst 1938, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

97

5. ágúst

um gjald af nýreistum húsum í kaupstöðum og kaupþúnum til greiðslu
kostnaðar vegna skipulagsmála.

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er eftir 1. júlí 1938 í kaupstöðum þeim og kaupþúnum, sveitabörpum eða orkuverum, þar sem skipulagsuppráttur hefir verið staðfestur, eða þar sem byrjað er að vinna að skipulagsgerð, skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hvernar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús, sem virt er til brunabóta eftir 1. júlí 1938, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið greiðist til umboðsmanns Brunabótafélags Íslands í kaupstöðum og kaupþúnum utan Reykjavíkur, en í Reykjavík til tollstjóra. Gjaldið er fallið í gjalddaga, þegar er brunabótavirðing húseignar hefir farið fram, og má taka það lögtaki.

4. gr.

Innheimtumenn standa skil á gjaldinu til rikissjóðs jafnóðum og það innheimtist, að frádregnum innheimtukostnaði.